

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Norður-Atlantshafslaxsjóðinn (NAS).

Undirritaðir aðilar hafa orðið ásáttir um að setja á stofn sjálfseignarstofnun.

1. *Nafn og heimili.*
 - 1.1. Stofnunin heitir Norður-Atlantshafslaxsjóðurinn (NAS).
 - 1.2. Lögheimili stofnunarinnar er í Reykjavík, Íslandi.
 - 1.3. Samkvæmt bréfi, undirrituðu af forsætisráðherra, dagsettu 18. júlí 1991, samþykkir íslenska ríkisstjórnin að stuðla að stofnun sjóðs á Íslandi, sem hafi það hlutverk að greiða bætur fyrir laxakvóta, sem látnir eru af hendi. Samþykkir íslenska ríkisstjórnin að greiða fyrir rekstri sjóðsins á sviði gjaldeyris- og gengismála. Eignir og tekjur sjóðsins verða undanþegnar álagningu tekju- og eignarskatts, en auk þess verða fjárviðskipti sjóðsins undanþegin stimpilgjöldum og öðrum gjöldum.

2. *Stofnendur NAS.*
 - 2.1. Stofnendur eru:
 - Laxárfélagið
 - Perry R. Bass
 - Lord Tryon
 - Wilfred M. Carter
 - Alan G. Mann
 - Charles E. Cobb jr.
 - Kristján Loftsson
 - Bolli Kristinsson
 - Orri Vigfússon
 - Elisha F. Lee
 - Stangveiðifélag Reykjavíkur
 - Samstarf veiðiréttareigenda og stangveiðimanna
 - The Atlantic Salmon Federation
 - Stangveiðifélag Langár
 - Irish Salmon and Sea Trout Anglers
 - Directorated for naturforvaltning
 - Norgers Bondelag
 - Norsk Skoeierforbund
 - Norges Jager og fiskerforbund
 - Sportfiskarna, Göteborg
 - The Scandinavian Atlantic Salmon Group
 - The Atlantic Salmon Trust Ltd.
 - North Atlantic Salmon Fund (Danmark)
 - T. Millington-Drake
 - A. Olafsson Design
 - J. Winter
 - The Orvis Company

Peir sem ganga til liðs við stofnendur fyrir 15. ágúst 1992 teljast til stofnenda.

3. *Verndari.*

Stjórn stofnunarinnar velur henni verndara. Um valið skal vera full samstaða í stjórninni.

4. *Tilgangur og markmið.*

- 4.1. Stofnunin skal vera sjálfstæð, óháð og hlutlaus í samningum sínum við ríkisstjórnir, samtök og einstaklinga. Undir engum kringumstæðum er heimilt að úthluta eignum og tekjum stofnunarinnar til stofnenda hennar. Auk friðunar á villtum Atlantshafslaxi, hefur stofnunin að markmiði:
- A. Að afla fjármagns, varðveita það og ákvarða notkun þess í samvinnu við viðkomandi alþjóðasamtök, ríkisstofnanir eða einstakling með það fyrir augum og greiða bætur fyrir eftirgjöf eða veiðistöðvun á heimiluðum laxveiðum í Norður-Atlantshafinu. Er stofnuninni ætlað að halda áfram starfi nefndar, sem unnið hefur að undanförunu að kaupum á laxveiðikvótum í hafinu.
 - B. Að afla fjármagns, stýra og ráðstafa sjóðum, sem nota má til að koma í veg fyrir ofnýtingu Atlantshafslaxins, og á annan hátt stuðla að eflingu laxastofnsins.
 - C. Að afla stofnuninni fiskveiðikvóta til skipta fyrir laxveiðikvóta.
 - D. Að efla á alþjóðavettvangi áhuga og fjárhagslegan stuðning fólks við verndun laxins á alþjóðavettvangi og náttúrulegs umhverfis hans.
 - E. Að endurskoða lengri tíma nauðsyn á friðun Atlantshafslaxins í Norður-Atlantshafi og í löndunum við það, og rannsaka með vísindalegum hætti eða á anna hátt hvernig mæta megi þessum þörfum.

5. *Stofnfé og tekjur.*

- 5.1. Stofnfé stofnunarinnar er kr. 500 000 og er það greitt af stofnfélögum, en til hennar hafa auk þess gengið laxveiðikvótar sem nefnd, sem unnið hefur að kaupum á laxveiðikvótum í Norður-Atlantshafinu, svo og verðmæti laxakvóta, sem nefndinni hafa hlotnast á yfirtökudegi. Stofnfé skal ávaxta og tryggilegan hátt. Stofnfé má ekki skerða.
- 5.2. Tekjur stofnunarinnar eru gjafir og fiskveiðikvótar og annað er henni berst frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum stofnunum. Tekjur stofnunarinnar skulu renna í einhvern þeirra sjóða er starfa innan stofnunarinnar í samræmi við fyrirmæli gefenda eða ákvörðun stofnenda.

Innan stofnunarinnar starfa eftirfarandi sjóðir:

A. Almennur sjóður.

Í sjóð þennan renna framlög, sem ekki eru sérstaklega eignarmerkt öðrum sjóðum nema stjórn NAS samþykki annað.

B. Sjóður vegna Færeyja.

Gert er ráð fyrir að auk frjálsra framlaga til sjóðs þessa, muni eftirtalin ríki greiða til sjóðsins framlög í eftirfarandi hlutföllum:

Noregur	55%
Bretland	22%
Írland	17%
Ísland	6%

Stjórn stofnunarinnar getur breytt ofangreindum hlutföllum, einkum með tilliti til framlaga annarra ríkja. Slík ákvörðun verður síðar að koma fram, sem breyting á skipulagsskrá, eins og krafist er í lið 10.

C. Sjóður vegna Grænlands

Gert er ráð fyrir að auk frjálsra framlaga til sjóðs þessa, muni ríki greiða árlega til sjóðsins framlög samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Samkomulag þetta og sérhver breyting á því, verður síðar að koma fram, sem breyting á skipulagsskrá, eins og krafist er í lið 10.

D. Sjóður vegna einstakra ríkja.

Gert er ráð fyrir að stofnaðir verði sjóðir vegna einstakra ríkja, samþykktir af stjórn NAS.

6. *Ársfundir.*

6.1. Ársfundur stofnunarinnar skal haldinn í maí ár hvert. Til ársfundarins skal boðað með a.m.k. 20 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi og a.m.k. 10 daga fyrirvara með telexi eða myndrita. Í tilkynningunni skal tekið fram hver dagsetning, staður og dagskrá skuli vera.

Dagskrá ársfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Framlagning áritaðs ársreiknings
3. Kosning stjórnar
4. Tillögur um breytingar á stofnsamningi
5. Önnur mál

7. *Stjórn.*

7.1. Stjórn stofnunarinnar skal vera ábyrg fyrir stjórn og úthlutun úr sjóðum stofnunarinnar og koma fram fyrir hönd hennar.

7.2. Í stjórn stofnunarinnar skulu sitja a.m.k. 7 menn og skulu þeir skipaðir til þriggja ára í senn á ársfundi stofnunarinnar. Þá má endurkjósa. Að minnta kosti 2 íslenskir ríkisborgarar skulu kjörnir í stjórnina. Þá skal og einn stjórnarmaður eiga lögheimili í eftirfarandi ríkjum: Noregi, Bretlandi, Írlandi, Svíþjóð, Danmörku, Bandaríkjunum og Kanada svo og öðrum þeim ríkjum þar sem laxveiðiar renna og leggja fjármagn til stofnunarinnar. Íslenska ríkisstjórnin hefur rétt til að tilnefna einn aðila í stjórnin. Í stjórnina skulu kjörnir hæfir fulltrúar með þekkingu á þeim sviðum sem gagnast stofnuninni. Að minnsta kosti einn stjórnarmaður af hálfu hvers ríkis skal vera fulltrúi stofnunar, samtaka eða einstaklinga sem leggja til fé í sjóði stofnunarinnar. Hver stjórnarmaður skal hafa eitt atkvæði.

Stjórnin kys stjórnarformann úr sínum hópi. Stjórnarformaður og gjaldkeri stofnunarinnar skulu hafa lögheimili á Íslandi.

Eftirfarandi skipa upphafsstjórn stofnunarinnar:

1. Orri Vigfússon, Snælandi 4, Reykjavík, Ísland
2. Lord A. Tyron, Ogbury House, Great Dunisford, Near Salisbury Wilts.. Sp4 6AZ, England
3. Wilfred M. Carter, Atlantic Salmon Federation, P.O.Box 429, St. Andrews, N.B. Canada EOG 2X0, Kanada
4. Perry R. Bass, First City Bank Tower, Suite 3200, 201 Main Street, Fort Worth, Texas 76102, Bandaríkin
5. Jim Maxwell, Federation of Irish Salmon & Sea Trout Anglers, Dunscllib, Leap, Skibbereen Co., Cork, Írland
6. Benny Lindgren, Sportfiskarna, S-416 55 Göteborg, Svíþjóð
7. Casper Moltke, Advokatfirma, Bredgade 73, 1260 København K, Danmörk

8. Svein A. Mehli, Direktoratet for Naturforvaltning, Tungasletta 2, 7004 Trondheim, Noregur
9. Jón G. Baldvinsson, Stangveiðifélag Reykjavíkur, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, Ísland
10. Ingvi H. Jónsson, Barmahlíð 56, Reykjavík, Ísland

Engin varastjórn er í stofnun þessari.

- 7.3. Stjórnin skal skipa þriggja manna framkvæmdastjórn, til þess að annast daglegan rekstur stofnunarinnar. Fyrstu framkvæmdastjórn skipa: Orri Vigfússon, Ingvi Hrafn Jónsson og Ástmar Ólafsson, Bólstaðarhlíð 68, Reykjavík.
 - 7.4. Stjórn stofnunarinnar er ályktunarbær, ef a.m.k. helmingur stjórnarmanna taka þátt í afgreiðslu máls. Svo fremi það sé ekki fyrir hendi sérstakur sjóður fyrir Noreg þá verður engin gild ályktun gerð varðandi sjóð 5B nema fulltrúi Noregs taki þátt í afgreiðslu hennar og á sama hátt að því er varðar sjóð 5C að fulltrúi Kanada og Bandaríkja Norður-Ameríku taki þátt í afgreiðslu hennar, svo fremi það sé ekki fyrir hendi sérstakur sjóður fyrir Norður-Ameríku (Kanada og Bandaríkin). Á sama hátt, verður engin gild ályktun gerð varðandi sjóði einstakra ríkja nema fulltrúi viðkomandi ríkis taki þátt í afgreiðslu hennar.
 - 7.5. Stjórn stofnunarinnar og framkvæmdastjórn ber að halda gerðabók, færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað er varðar hag og rekstur stofnunarinnar, tekjur og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins. Þá skal fundartími einnig bókaður.
 - 7.6. Gangi einhver hinna kjörnu stjórnarmanna af einhverjum ástæðum úr stjórn, skal stjórnin þá þegar velja nýjan mann í hans stað.
 - 7.7. Stjórn stofnunarinnar er, undir sérstökum kringumstæðum heimilt, að fengnu samþykki 3/4 stjórnarmanna, að vísa stjórnarmanni úr stjórn. Honum skal þó áður, gefinn kostur á að tala máli sínu, en hefur ekki heimild til að greiða atkvæði um brottvísunina.
 - 7.8. Fundarályktun skal staðfest með samþykkt meirihluta.
8. *Framkvæmdaráð/nefndir.*
- 8.1. Stjórn stofnunarinnar er, innan sinna vébanda, heimilt að skipa sérstakt framkvæmdaráð, t.a. vinna að einstökum verkefnum, og framselja því störf og völd eins og nauðsyn er til.
 - 8.2. Ársfundi svo og stjórn stofnunarinnar er heimilt að skipa nefndir sér til aðstoðar eins og þurfa þykir.
9. *Reikningskil og endurskoðun.*
- 9.1. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið fyrir 15. apríl ár hvert.
 - 9.2. Stjórn stofnunarinnar skal fela viðurkenndum löggiltum endurskoðanda endurskoðun ársreikningsins.
10. *Breytingar á skipulagsskrá.*
- 10.1. Breytingar á skipulagsskrá þessari verða aðeins gerðar á ársfundi, og því aðeins að þær hljóti samþykki 2/3 þeirra sem viðstaddir eru á fundinum.
11. *Slit.*
- 11.1 Stofnuninni verður því aðeins slitið að hún hafi lokið hlutverki sínu, geti ekki lengur starfað í samræmi við tilgang sinn eða sé fjárvana. Ef eitthvert tilvika þessara kemur

upp og ekki þykir unnt að ná saman fundi með stofnfélögum getur stjórn stofnunarinnar slitið henni ef fyrir liggur samþykki 2/3 hennar.

- 11.2. Við slit skulu eignir stofnunarinnar renna til laxaræktar í þeim löndum sem greitt hafa í sjóðinn í þeim hlutföllum sem greinir í lið 5.B.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 2. apríl 1992.

Orri Vigfússon. Ástmar Ólafsson. Ingvi Hrafn Jónsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

1. maí 1992

Nr. 162

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1992.

1. gr.

Lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum, dýralæknum og sveitarfélögum með lyfjasölu og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1992, vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984. Gjaldið er sem hér segir:

	Kr.		Kr.
I. flokkur	204 000	VI. flokkur	396 000
II. flokkur	180 000	VII. flokkur	283 000
III. flokkur	156 000	VIII. flokkur	204 000
IV. flokkur	121 200	IX. flokkur	51 600
V. flokkur	85 200		

2. gr.

Lyfjabúðum og lyfjasölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Apótek Austurbæjar
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Reykjavíkur Apótek
Stjórnú Apótek

II. flokkur:

Borgar Apótek
Breiðholts Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Keflavíkur Apótek
Vesturbæjar Apótek